

Innvigtun mjólkur og nýting framleiðsluréttar

ÁRIN 2004 OG 2005 OG VERÐLAGSÁRIN 2003/2004 OG 2004/2005

Heildarinnvigtun árið 2005 var um 109,4 milljónir lítra. Samdráttur frá fyrra ári var því nær 2,6 milljónum lítra. Innvigtun fyrri helming ársins 2005 var svipuð og árið 2004, en frá miðju ári var mikill samdráttur flesta mánuði. Mestur samdráttur milli ára var í innvigtun september eða um 7,6%. Við samanburð er vert að minnst þess að innvigtun ársins 2004 var sú mesta frá árinu 1985.

Tafla 1. Samanburður á innvigtun eftir mánuðum árin 2004 og 2005, lítrar.

MÁNUÐUR	2005	2004	Mismunur 2005-2004	Mismunur %
JANÚAR	9.486.540	9.346.573	139.967	1,50
FEBRÚAR	8.905.402	8.738.886	166.516	1,91
MARS	10.075.840	10.207.138	-131.298	-1,29
APRÍL	9.875.908	9.924.830	-48.922	-0,49
MAÍ	10.448.757	10.389.084	59.673	0,57
JÚNÍ	9.902.365	10.122.001	-219.636	-2,17
JÚLÍ	8.957.467	9.553.583	-596.116	-6,24
ÁGÚST	8.893.869	8.941.836	-47.967	-0,54
SEPTEMBER	7.848.530	8.492.006	-643.476	-7,58
OKTÓBER	7.848.937	8.259.004	-410.067	-4,97
NÓVEMBER	8.224.961	8.796.541	-571.580	-6,50
DESEMBER	8.976.618	9.258.022	-281.404	-3,04
SAMTALS	109.445.194	112.029.504	-2.584.310	-2,31

Innvigtun verðlagsársins 2004/2005 var nokkru meiri en verðlagsárið á undan. Aukningin nam um 1,6 milljón lítrum eða 1,5% milli verðlagsára.

Tafla 2. Samanburður á innvigtun verðlagsárin 03/04 og 04/05, lítrar.

MÁNUÐUR	2004/2005	2003/2004	Mismunur 04/05 – 03/04	Mismunur %
SEPTEMBER	8.492.006	7.995.289	496.717	6,21
OKTÓBER	8.259.004	7.800.161	458.843	5,88
NÓVEMBER	8.796.541	7.629.531	1.167.010	15,30
DESEMBER	9.258.022	9.086.210	171.812	1,89
JANÚAR	9.486.540	9.346.573	139.967	1,50
FEBRÚAR	8.905.402	8.738.886	166.516	1,91
MARS	10.075.840	10.207.138	-131.298	-1,29
APRÍL	9.875.908	9.924.830	-48.922	-0,49
MAÍ	10.448.757	10.389.084	59.673	0,57
JÚNÍ	9.902.365	10.122.001	-219.636	-2,17
JÚLÍ	8.957.467	9.553.583	-596.116	-6,24
ÁGÚST	8.893.869	8.941.836	-47.967	-0,54
SAMTALS	111.351.721	109.735.122	1.616.599	1,47

NÝTTUR FRAMLEIÐSLURÉTTUR Á VERÐLAGSÁRUNUM 2003/2004 og 2004/2005 Á verðlagsárinu 2004/2005 var innvigtun umfram greiðslumark nær 5,4 milljónir lítra eða um 5,0%. Greiðslumark á verðlagsárinu 2004/2005 var 106 milljónir lítra eða 1 milljón lítrum hærra en verðlagsárið á undan. Ákveðið var að hækka greiðslumarkið í 111 milljónir fyrir yfirstandandi verðlagsár 2005/2006.

Tafla 3. Samanburður á nýttum framleiðslurétti verðlagsárin 2003/2004 og 2004/2005, lítrar.

Skýring	2004/2005	2003/2004
Heildargreiðslumark, ltr	106.000.000	105.000.000
Nýting greiðslumarks, ltr	111.351.721	109.735.122
Ónotað greiðslumark/(Umframmjólk), ltr	(5.351.721)	(4.735.122)
Nýting greiðslumarks, %	105,05%	104,51%

Í töflu 4 sést hvernig nýting greiðslumarksins var hjá hverri afurðastöð fyrir sig á verðlagsárinu 2004/2005. Af mjólk framleiddri umfram greiðslumark þ.e. $2.756.870 + 4.560.945 = 7.317.815$ lítrar, reyndust 1.966.094 lítrar þ.e. $7.317.815 - 5.351.721$ falla innan heildargreiðslumarks eða 71,3% af umframmjólk sem féll til innan 104% markanna. Þá komu til útfjöfnunar á landsvísu 700.506 lítrar vegna vannýtingar greiðslumarks hjá einstökum framleiðendum (þ.e. innvigtun náði ekki 90% af greiðslumarki).

Tafla 4. Greiðslumark mjólkur eftir afurðastöðvasvæðum verðlagsárið 2004/2005 og nýting þess í lítrum.

Afurðastöðvar	Greiðslu- mark	Framleitt innan gr.marks	Framleitt 100 - 104%	Framleitt umfram 104%	Millifært milli samlaga	Framleitt umfram samning	Framleitt alls
MS Reykjavík	12.079.096	11.915.660	359.837	906.976	78.477	1.024.900	13.182.473
MS Búðardal	6.617.460	6.462.349	159.093	282.328	-15.657	301.967	6.903.770
Mjólkursamlag Ísfirðinga	1.360.933	1.321.135	27.967	25.274	-11.831	25.274	1.374.376
MS Blönduósi	3.902.258	3.844.941	83.313	70.336	0	96.332	3.998.590
Mjólkursamlag KS	10.243.859	10.128.820	204.628	189.814	18.429	260.974	10.523.262
Norðurmjólk Akureyri	26.569.410	26.000.603	698.589	1.153.857	-29.408	1.313.047	27.853.049
Mjólkursamlag Vopnf.	755.047	751.567	24.426	74.220	12.452	82.714	850.213
MS Egilsstöðum	3.497.746	3.354.637	82.200	116.448	-60.909	116.448	3.553.285
MS Selfossi	40.974.191	40.254.194	1.116.817	1.741.692	8.447	2.130.065	43.112.703
SAMTALS	106.000.000	104.033.906	2.756.870	4.560.945	0	5.351.721	111.351.721

Heimild: Bændasamtök Íslands.